

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts 19. desember 2023: Ályktunartillaga íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um úrbætur í aðstöðumálum Fylkis:

Brýnt er að ráðist verði í úrbætur á aðstöðumálum íþróttafélagsins Fylkis. Starfsemi félagsins er ekki aðeins nauðsynlegur þáttur samfélagsins í Árbæ, heldur lýðheilsumál sem hefur áhrif á efnahag og samfélag borgarinnar til lengri tíma. Í því sambandi leggur íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts áherslu á þrjá meginþætti. 1. Fylkir þarf að eignast félagsaðstöðuhús sem fellur vel að þörfum félagsins sem einnig gæti samnýst sem menningarhús. 2. Með samkomulagi Reykjavíkurborgar og Fylkis frá 2017, gaf Fylkir eftir afnot af svokölluðum Hraunbæjarlóðum með ákveðnum skilyrðum. Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts telur brýnt að Fylkir og Reykjavíkurborg hefji þegar formlegt samtal um stöðu samningsins og með hvaða hætti ljúka beri uppgjöri hans. 3. Í Fylkisseli í Norðlingaholti er starfsemi fimleika-, karate- og rafíþróttadeildar auk vaxandi íþróttastarfs eldra fólks í Árbæ. Viðræður og undirbúningur um stækkun Fylkissels hafa verið í gangi í tvö ár en niðurstaða liggur ekki fyrir. Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts telur mikilvægt að leggja fram raunhæfa áætlun um áframhald verkefnisins þannig að ljúka megi því sem fyrst. Óskar íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts eftir að borgarráð taki framangreind mál til skoðunar á viðeigandi vettvangi.

Greinargerð:

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts hefur í langan tíma verið meðvitað um vandamál tengd aðstöðu Íþróttafélagsins Fylkis. Eftir fund ráðsins þann 12. desember sl. með forsvarsmönnum liggja fyrir þrír meginþættir sem brýnt er að komist á rekspöl.

1. Félagsaðstöðuhús: Í skýrslu sem unnin var af starfshópi með aðkomu borgarinnar, ÍBR og Fylkis árið 2019 var umfjöllum um félagsaðstöðuhús við Fylkisveg sem hýsa ætti almenna aðstöðu Fylkis svo sem félagsheimili, aðstöðu fyrir starfsfólk og búninga- og búnaðsaðstöðu. Hús þetta hefur raunar þegar verið hannað. Í tengslum við hönnun hússins hefur sérstaklega verið skoðað hvernig það gæti samnýst sem menningarhús í Árbænum með aðstöðu fyrir bókasafn ofl. Íbúaráð telur að þetta hús falli vel að brýnni þörf hverfisins fyrir félagsaðstöðuhús af svipuðum toga og önnur hverfi borgarinnar hafa eignast á undanförunum árum.

2. Lóðir við Hraunbæ: Íbúðahús hafa risið á svokölluðum Hraunbæjarlóðum en Fylkir gaf eftir afnot af lóðunum fyrir starfsemi sína með sérstöku samkomulagi við borgarstjóra árið 2017. Í samkomulaginu var gert ráð fyrir að Fylkir fengi fjármuni til byggingar aðalknattspyrnuvallar félagsins auk þess átti Fylkir að fá 20% af sölu lóða sem væri umfram söluverðmæti 400 milljóna og væri umfram framkvæmdakostnað til annarra uppbyggingar á aðstöðu félagsins. Íbúaráð telur brýnt að Fylkir og Reykjavíkurborg hefji þegar formlegt samtal um stöðu samningsins og með hvaða hætti ljúka beri uppgjöri hans.

3. Stækkun Fylkissels: Í Fylkisseli í Norðlingaholti er starfsemi fimleika-, karate- og rafíþróttadeildar auk vaxandi íþróttastarfs eldra fólks í Árbæ. Fyrir um tveimur árum var af hálfu Reykjavíkurborgar og Fylkis samþykkt að flýta stækkun Fylkissels. Viðræður og undirbúningur hafa verið í gangi en niðurstaða liggur ekki fyrir. Íbúaráð telur mikilvægt að leggja fram raunhæfa áætlun um áframhald verkefnisins þannig að ljúka megi því sem fyrst. Framkvæmdin hefur verið í forgangi lista um byggingu íþróttamannvirkja síðan 2021.